

1 Stjórn málaályktun 44. landsfundar Sjálfstæðisflokksins 2022

2 Frelsi og ábyrgð einstaklingsins, mannréttindi og jafnræði eru hornsteinar stefnu Sjálfstæðisflokksins.
3 Jöfn tækifæri, menntun og fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinga eru undirstöður jafnréttis og góðra
4 lífshæðis. Jafnrétti byggir á frelsi einstaklingsins. Með jafnrétti er lagður grunnur að velferð
5 einstaklingsins, fjölskyldunnar og atvinnulífsins og þar með samfélagsins alls. Atvinnufrelsi og
6 eignarréttur eru órjúfanlegur hluti frjáls samfélags og forsenda þess að Ísland sé land jafna tækifæra.
7 Velferð byggir á öflugum atvinnulífi. Traust grunnþjónusta, öruggt og nægt rafmagn, áreiðanleg fjarskipti
8 og góðar samgöngur skapa tækifæri til bættra lífsgæða um allt land.

9 Með þessi grundvallaratriði að leiðarljósi vekur Sjálfstæðisflokkurinn sérstaka athygli á:

- 10 • Ísland á að vera leiðandi í orkuskiptum á heimsvísu á grunni nýtingar endurnýjanlegra
- 11 náttúruauðlinda og verða fyrst landa til að verða óháð jarðefnaeldsneyti.
- 12 • Breyta verður útlendingalöggjöf þannig að hún taki mið af löggjöf nágrannalanda, og
- 13 tryggja þarf að fólk sem hingað leitar eftir alþjóðlegri vernd fái umsóknir sínar afgreiddar fljótt
- 14 og örugglega.
- 15 • Innrás Rússlands í Úkraínu er harðlega fordæmd.
- 16 • Lækka verður skatta og einfalda regluverk atvinnulífsins.
- 17 • Auka þarf beina fjárfestingu og þátttöku launafólks í atvinnulífinu.
- 18 • Ríkið á ekki að stunda samkeppnisrekstur við fyrirtæki á almennum markaði.
- 19 • Afnema á einkarétt ríkisins á smásölu áfengis.
- 20 • Beinir ríkisstyrkir til fjölmiðla eru óheilbrigðir og skaðlegir.

21 Í umhverfismálum þarf að virkja ábyrgð einstaklingsins með jákvæðum hvötum. Einkaframtakið og
22 eignarrétturinn stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda og náttúruvernd. Loftslagsbreytingar ógna öryggi,
23 efnahag og velferð heimsins. Tryggja þarf að staðið verði við metnaðarfull markmið Íslands um samdrátt
24 í losun og bindingu kolefnis þannig að kolefnishlutleysi náist. Gríðarleg efnahagsleg tækifæri liggja í
25 grænum orkuskiptum með hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu orkuauðlinda. Loftslagsmál og orkumál
26 verða ekki skilin að. Ísland á að vera fyrirmynd í sjálfbærni, hringrásarhagkerfinu og grænni orku.
27 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að Íslendingar haldi forystu í grænni orkubyltingu og hverfi frá
28 notkun jarðefnaeldsneytis. Forsenda þess er stórauvin orkuframleiðsla með nýtingu endurnýjanlegra
29 orkugjafa. Einfalda þarf flókið regluverk og tímafrekt ferli leyfisveitinga til nýtingar grænna orkuauðlinda.
30 Tryggja verður afhendingaröryggi raforku með öflugum flutningskerfi um allt land og ryðja þannig braut að
31 grænni iðnaðaruppbyggingu og orkuskiptum.

32 Einfalda verður regluverk atvinnulífsins, auka samkeppnishæfni þess og ýta undir nýsköpun og stofnun
33 fyrirtækja. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að skattar verði lækkaðir enda opinberar álögur hér á
34 landi þungar í alþjóðlegum samanburði. Skattaumhverfi einstaklinga og fyrirtækja á að vera einfalt og
35 tryggja alþjóðlega samkeppnishæfni.

36 Sjálfstæðisflokkurinn vill stuðla að beinni þátttöku almennings í atvinnulífinu og auka frjálsræði
37 launafólks við ávöxtun séreignasparnaðar. Virða á félagafrelsi á vinnumarkaði og tryggja rétt launafólks.

38 Íslenskt samfélag byggir á fjölbreyttum og vel menntuðum mannauði. Hátt menntunarstig styrkir
39 framleiðni og eykur lífsgæði. Fjárfesting samfélagsins í menntun er fjárfesting í framtíðinni. Jöfn tækifæri
40 eru best tryggð með jöfnu aðgengi að fjölbreyttri og góðri menntun á öllum menntastigum. Áskoranir
41 drengja í íslensku menntakerfi eru miklar. Áriðandi er að skapa þær aðstæður að öll börn geti blómstrað
42 í umhverfi sem stuðlar að vellíðan og þau finni tilgang í námi.

43 Öflugar og traustar samgöngur eru afar mikilvægar. Við gerð samgönguáætlunar ættu öryggissjónarmið
44 og ábati einstakra verkefna að vega þyngst.

45 Sjálfstæðisflokkurinn ítrekar að ríkið á ekki að vera í samkeppnisrekstri. Mikilvægt er að ríkið haldi áfram
46 að losa um eignarhluti sína í fjármálafyrirtækjum og selji hlut sinn í Íslandsbanka að fullu á nýju ári.

47 Sjálfstæðisflokkurinn hafnar beinum ríkisstyrkjum til fjölmiðla en leggur áherslu á að bæta
48 rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla enda gegna frjálsir og óháðir fjölmiðlar lykilhlutverki í
49 lýðræðissamfélagi. Það voru mistök að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag sem nauðsynlegt er að
50 vinda ofan af, taka það af auglýsingamarkaði og kanna hvort rekstrinum sé öllu leyti eða hluta til betur
51 komið í höndum einkaaðila. Selja á Fríhöfnina, dótturfyrirtæki Isavia og verslanir ÁTVR samhliða afnámi
52 einokunar ríkisins á smásölu áfengis.

53 Gæta þarf meira aðhalds í ríkisútgjöldum og halda aftur af skuldasöfnun ríkissjóðs. Sjálfstæðisflokkurinn
54 hafnar því að lausn allra mála felist í auknum útgjöldum hins opinbera. Endurskoða verður lög um
55 opinber fjármál og lögfesta útgjaldareglu fyrir hið opinbera.

56 Sjálfstæðisflokkurinn undirstrikar nauðsyn þess að slá skjaldborg um verndarkerfið og félagslega innviði
57 við móttöku flóttafólks. Aðkallandi er að bregðast við fjölgun umsækjenda um alþjóðlega vernd með
58 breytingum á útlendingalöggjöfinni sem taki mið af löggjöf nágrannalandanna. Brýnt er að fólk sem
59 hingað leitar fái umsóknir sínar afgreiddar fljótt og örugglega.

60 Útgáfu atvinnuleyfa fyrir fólk með sérþekkingu frá löndum utan EES þarf að einfalda. Veita á börnum af
61 erlendum uppruna sérstakan stuðning í námi og félagslegri aðlögun til þess að þau geti notið hæfileika
62 sinna til fulls og orðið virkir þátttakendur í samfélaginu til jafns við aðra Íslendinga.

63 Auka þarf samstarf opinberra stofnana og fyrirtækja við nýsköpunar- og sprotafyrirtæki ekki síst innan
64 heilbrigðiskerfisins. Samhliða á að móta nýja velferðar- og heilbrigðisstefnu á breiðum grunni í
65 opinberum rekstri og einkarekstri. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að við skipulag
66 heilbrigðisþjónustu sé réttur einstaklinga til þjónustu tryggður um allt land. Nýta þarf einkaframtakið
67 mun betur á sviði heilbrigðisþjónustu- og fjárfestinga .

68 Sjálfstæðisflokkurinn stendur vörð um almannatryggingakerfið en endurskoða má það m.a. þannig að
69 öllum séu tryggðar lágmarkstekjur. Gæta verður að því að ekki sé dregið úr hvatanum til sjálfsbjargar
70 eða möguleikum einstaklinga til að bæta kjör sín.

71
72 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á sjálfstæði sveitarfélaga og vill stuðla að aukinni samvinnu þeirra og
73 sameiningu í samræmi við vilja íbúa. Endurskoða þarf verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Styrkja þarf
74 þjónustu við fatlaða og taka fjármögnun og skipulag málaflokksins til gagn Gerrar endurskoðunar.

75 Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna, sem og gott
76 samstarf við Bretland og Norðurlöndin eru mikilvæg til að tryggja öryggi og fullveldi landsins. Ísland á
77 áfram að taka virkan þátt í varnarsamstarfi vestrænna lýðræðisríkja og að leita sífellt leiða til að leggja
78 það af mörkum sem Íslandi er fært og kemur að gagni við sameiginlegar varnir Atlantshafsbandalagsins.
79 Tryggja þarf orku- og fæðuöryggi enda órjúfanlegir þættir í þjóðaröryggisstefnu Íslands.

80 Eitt mesta hagsmunamál íslensks atvinnulífs er greiður aðgangur að erlendum mörkuðum. Viðskipta-,
81 stjórn mála- og menningartengsl við Evrópuríkin og Bandaríkin eru Íslendingum mikilvægust. Brýnt er að
82 tryggja áfram opinn og frjálstan aðgang að innri markaði Evrópusambandsins á grundvelli samningsins um
83 Evrópska efnahagssvæðið og treysta jafnframt viðskiptasambönd við Bandaríkin og Bretland. Áréttað er
84 að hagsmunir Íslands eru best tryggðir með því að standa utan Evrópusambandsins.

85 Sjálfstæðisflokkurinn fordæmir innrás Rússneska sambandsríkisins í Úkraínu, innlimunaráform þess og
86 ofsóknir á hendur úkraínsku þjóðinni.

87 Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur þeirra sem vilja að á Íslandi sé frjálst þjóðfélag hagsældar og menningar.
88 Sjálfstæðisstefnan byggir á trú á frelsi, framtaki, áræði og ábyrgð einstaklinganna, umburðarlyndi
89 gagnvart ólíkum lífsviðhorfum og lífsháttum með áherslu á sameiginlega hagsmuni ólíkra
90 þjóðfélagshópa. Sjálfstæðisflokkurinn hafnar því að ríkisvaldið geti eða eigi að leysa öll mannleg
91 viðfangsefni. Með því að virkja krafta einstaklinganna er lagður traustur grunnur að velferðarsamfélagi
92 framtíðarinnar.